



Reykjavík, 5. desember 2019

R19120019

6631

ívs

Umhverfis- og skipulagssvið

Borgartúni 12-14
105 REYKJAVÍK

Reykjavíkurlflugvöllur - deiliskipulag

Á fundi borgarráðs þann 5. desember 2019 var lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 4. desember 2019, sbr. samþykkt skipulags- og samgönguráðs frá 4. desember 2019 á auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Reykjavíkurlflugvallar, ásamt fylgiskjölum.

Borgarráð samþykkti erindið.


Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram svohljóðandi bókun:

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins samþykkja að auglýsa svo íbúar, flugrekstraðilar og aðrir aðilar geti komið á framfæri athugasemdum við þessa breytingu. Tryggja skal að breytingin hafi hvorki áhrif á flugrekstarhæfi Reykjavíkurlflugvallar né raski öryggissvæði flugbrautanna.

Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Miðflokksins leggst alfarið gegn öllum breytingum skipulags sem þrengja að svæði Reykjavíkurlflugvallar. Slíkt er með öllu ótímabært, að ekki sé talað um að hér á að ráðast í skipulagsbreytingar gagngert vegna framkvæmdar við brú yfir Fossvog, en þrátt fyrir ítrekaðar ábendingar fulltrúa Miðflokksins hefur það verk ekki enn verið arðsemismetið eins og lög og reglur gera ráð fyrir. Vegagerðin kemur að þessari framkvæmd og fjármagnar stærstan hlut hennar. Nú er það svo, að um Vegagerðina gilda lög rétt eins og aðrar stofnanir og þar segir í II. kafla, grein 4.: „Vegagerðin tekur þátt í gerð samgönguáætlunar. Stofnunin mótar almenna stefnu og viðmið um byggingu, viðhald og þjónustu samgöngumannvirkja, annast forsendugreiningu og frumrannsóknir vegna þeirra, greinir og ber saman ólíka valkosti, gerir tillögu að forgangsreðun verkefna, frumhannar mannvirki og metur kostnað, arðsemi og umhverfisáhrif þeirra.“ Að ofangreindu er ljóst að arðsemismat er ekkert smámál, það

er einn mikilvægasti liður frumstigs hvernar framkvæmdar, þar sem framkvæmdir með slakt arðsemismat eru vinsaðar úr á því stigi, áður en lagt er í frekari kostnað við hönnun o.s.frv.



Helga Björk Laxdal
e.u.